

AUGLÝSING

um niðurfellingu eldri skipulagsáætlana í Garðabæ við gildistöku nýrra.

Kjóavellir - hesthúsabyggð, deiliskipulag.

Við gildistöku deiliskipulagsins þann 31. júlí 2008 (nr. 769/2008) var fellt úr gildi eldra deiliskipulag; „Garðabær-Hesthúsabyggð við Kjóavelli“ sem samþykkt var í bæjarstjórn 3. júní 2004 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. júlí 2004 (nr. 644/2004).

Kauptún, verslunar- og þjónustusvæði í Urriðaholti.

Við gildistöku deiliskipulagsins þann 14. júlí 2005 (nr. 660/2005) var fellt úr gildi eldra deiliskipulag; „Deiliskipulag í Urriðaholti (Hátækknigarður Urriðaholti, 1. áfangi)“ sem samþykkt var í bæjarstjórn 24. janúar 2002 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 11. nóvember 2002 (nr. 761/2002).

Við auglýsingu ofangreindra deiliskipulagsáætlana í B-deild Stjórnartíðinda láðist að geta þess hvaða áætlanir voru felldar úr gildi við gildistöku áætlanna.

Garðabæ, 2. september 2008.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. september 2008